

## Grímshagi ehf.

Stjórnarfundur 19/03 2013

Fundur í stjórn Grímshaga ehf haldinn á Hvanneyri 19. Mars 2013 kl. 11:00.

Mættir: Guðrún Sigurjónsdóttir stjórnarformaður, Jóhannes Sveinbjörnsson og Þorvaldur T. Jónsson meðstjórnendur, Lárus Pétursson framkvæmdastjóri og Ágúst Sigurðsson rektor Lbhí.

1. Fundargerð frá 29. janúar 2013 samþykkt og undirrituð.
2. Ársreikningur 2012. Tap er á rekstrinum. Samþykkt að fela formanni og framkvæmdastjóra að gera greiningar á afkomu einstakra þátta í búrekstrinum.
3. Starfsreglur stjórnar. Drög að starfsreglum liggja fyrir, þau yfirfarin og rædd. Drögin taka einkum mið af starfsreglum opinberra hlutafélaga. Stefnt er að því að ganga formlega frá starfsreglum á næsta stjórnarfundum.
4. Aðalfundur. Rætt um undirbúning aðalfundar. Gert ráð fyrir hefðbundnum aðalfundarstörfum auk kynningar á rannsóknum og kennslu á vettvangi búsinns. Stefnt að aðalfundi þriðjudaginn 16. Apríl kl. 13.
5. Önnur mál. Rætt um umgengni og þrif í gripahúsum Grímshaga. Mikilvægt er að umgengni sé fyrirtækinu og Landbúnaðarháskólanum til sóma en árlegan fjölda gesta í húsin má telja í þúsundum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:20.